

Skeljungur hf.

Niðurstöður hluthafafundar

Skeljungur hf.: Niðurstöður hluthafafundar Skeljungs í maí 2019

Hluthafafundur var haldinn hjá Skeljungi í dag, mánudaginn 27. maí 2019 á aðalskrifstofu félagsins í Borgartúni 26, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 16.00.

Tillögur þær sem lágu fyrir fundinum eru meðfylgjandi.

1. Tillögur stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.

- a. Tillaga um kaup félagsins á eigin hlutum fyrir mest 550.000.000 kr., í tengslum við endurkaupaáætlun, var samþykkt.
- b. Tillaga um nýtt ákvæði um framkvæmd stjórnarkjörs, m.t.t. kynjakvóta, var samþykkt.
- c. Tillaga um orðalagsbreytingu vegna kjörs annarra en tilnefndra var samþykkt.
- d. Tillaga um orðalagsbreytingu er gerir ráð fyrir möguleikanum á brottvikningu stjórnar var samþykkt.

2. Tillaga hluthafa um niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar.

Tillagan var samþykkt.

3. Kjör stjórnarmanna félagsins

Eftirtaldir frambjóðendur voru kjörnir í stjórn félagsins:

- Ata Maria Bærentsen
- Birna Ósk Einarsdóttir
- Jens Meinhard Rasmussen
- Jón Ásgeir Jóhannesson
- Þórarinn Arnar Sævarsson

4. Önnur mál

Engin önnur mál voru löglega upp borin á fundinum og var honum slitið kl. 17:11.

Gögn frá fundinum, og síðar upptöku, má finna á vefsíðu Skeljungs.

* * *

Eftir fundinn var haldinn stjórnarfundur, þar sem stjórn skipti með sér verkum.

Jens Meinhard Rasmussen var kjörinn formaður stjórnar. Jón Ásgeir Jóhannesson var kjörinn varaformaður stjórnar.

Í endurskoðunarnefnd tóku sæti Helena Hilmarsdóttir, Ata Maria Bærentsen og Birna Ósk Einarsdóttir. Í starfskjaranefnd tóku sæti Jens Meinhard Rasmussen og Birna Ósk Einarsdóttir. Þá var Þórarinn Arnar Sævarsson tilnefndur til setu af hálfu stjórnar í tilnefningarnefnd.

Nánari upplýsingar veitir Hendrik Egholm, forstjóri; fjarfestar@skeljungur.is, s: 444-3000 / 840-3002.